

**Fundargerð stjórnar BÍS 04/2017, miðvikudaginn 18. janúar 2017 kl. 17:30
í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123.**

Mættir:

Berglind Lilja Björnsdóttir formaður ungmennaráðs, Fríður Finna Sigurðardóttir aðstoðarskátahöfðingi og formaður félagaráðs, Heiður Dögg Sigmarsdóttir formaður upplýsingaráðs, Jón Þór Gunnarsson formaður alþjóðaráðs, Ólafur Proppé formaður fræðsluráðs, Sonja Kjartansdóttir formaður fjármálaráðs, Una Guðlaug Sveinsdóttir formaður dagskrárráðs og Sigríður Ágústsdóttir skrifstofustjóri BÍS.

Dagskrá:

1) Setning

Fríður Finna bauð fundarmenn velkomna.

2) Fundargerðir síðustu funda: Frestað.

3) Yfirlit stjórnarmanna: Frestað.

4) Meginviðfangsefni 1:

- a) Félagsforingjafundur 14. jan – niðurstöður, úrvinnsla. Stjórnarmeðlimir almennt þakklátir fyrir málefnanlegan fund og fundarstjórum, riturum og starfsfólki þakkað vel unnin störf og góð umgjörð.
- b) Upplýsingagjöf vegna félagsforingjafundar. Skilningur stjórnar að sjónarmið almennt eru þau að opinbera ekki gögn fundarins.
- c) Prókurur í Fyrirtækjaskrá, skráðir prókúruhafar hjá BÍS og tengdum fyrirtækjum. Stjórn BÍS leggur til að þessir verði með prókúru, stjórnir viðkomandi fyrirtækja taka endanlega ákvörðun.
440169-2879 Bandalag íslenskra skáta : Jón Þór og Sonja
610514-1620 Skátabúðin ehf. : Torfi og Kristinn
630514-0610 Skátamót ehf. : Jón Ingvar og Sonja
520689-2069 Þjóðþrif ehf. : Torfi og Sonja
420278-0209 ÚSÚ : Verður rætt á fundi ÚVR

d) Umboð, samskipti við ráðuneytið v/stefnumótunar og samninga. Jón Þór, Una og Sigríður fara á fund Valgerðar í Menntamálaráðuneytinu til að upplýsa um stöðu mála. Sigríður er tengiliður á skrifstofu í samskiptum.

e) Úlfljótsvatnsráð – Sonja kemur í stað framkvæmdastjóra BÍS í ráðið. Næstu fundir verða 19. og 24. janúar.

f) Skátabúðin og Þjóðþrif: Rætt um hver kemur í stjórn í stað Braga Björnssonar og HS. Ákveðið að Jón Þór Gunnarsson taki stöðu í stjórnnum í stað Braga Björnssonar. Ákvörðun frestað varðandi HS.

g) Fundur með nýjum ráðherra. Sigríður hefur samband við ráðuneytið eftir aukaskátaþing 4. febrúar og biður um fund.

5) Meginviðfangsefni 2:

a) **Aukaskátaþing og skátaþing 2017**, dagskrá, lagabreytingar, hæfniviðmið ráða ofl. Það þarf að senda út fundarboð á Skátaþingið 10. mars í lok næstu viku (27. jan). Sigríður undirbýr tillögu að fundarboði og sendir á stjórn.

Jón Þór ræðir við lögmenntaða aðila með reynslu af félagsstörfum og lögum félagavagna ymissa atriða er snerta aukáþing.

Samkvæmt 19. grein í lögum BÍS hafa þessir rétt til setu á skátaþingi með málfrelsi og tillögurétt: Stjórn, ráðsmenn og starfsfólk BÍS, endurskoðendur og skoðunarmenn BÍS, allir starfandi skátar með aðild að BÍS. Stjórn BÍS er heimilt að bjóða gestum til Skátaþings.

Dagskrá aukaskátaþings: kosning fundarstjóra og ritara, endurnýjun í forystusveit BÍS (skv. framkomnum kröfum skátafélaga).

b) Lagabreytingartillaga: Breyta skilafresti á málum til Skátaþings um að það megi skila inn breytingartillögum á mánudegi í stað föstudags (gefur Ungmennanþingi meira svigrúm)? Stjórn vísar til Ungmennaráðs að vinna lagabreytingartillögu ef ráðið telur þörf á því.

c) Starfs- og fjárhagsáætlun 2017. Starfsáætlanagerð og meginviðfangsefni stjórnarfunda 2017. Tekið fyrir á næsta fundi.

6) Mál til kynningar:

a) **Utanfélagsaðild?** Almennt er fólki beint til skátafélaga í starf þar. Málinu vísað til umræðu í félagaráði. Miðað er við að tillaga komi 2 vikum fyrir skátaþing.

b) **Skátafréttir** – nýr miðill. Forsvarsmenn miðlisins komust ekki á þennan fund, boðið að koma á næsta fund.

7) Mál til afgreiðslu og bókunar:

a) Verkefnahópar – yfirlit og tilhögun. Ráðin beðin að fara yfir hvaða vinnuhópar eru virkir og senda til Sigríðar.

b) Fundur með SSR um stöðu skátafélaga í Reykjavík. Lagt til að funda í apríl. Í vinnuhóp frá BÍS eru aðst. skátahöfðingi og formaður dagskrárráðs.

c) Fjárreiðuúttekt PWC. Beðið er um tímaramma og umfang vegna kostnaðar. SK tekur áfram. Fjármálaráð komi með tillögur að endurbótum á reglum skv. ábendingum frá PWC um fjárreiður.

d) Endurmat viðbragðsáætlunar – stofna verkefnahóp. Jón Þór skoðar og kemur með tillögu.

e) Trúnaðarmál – skráð í trúnaðarbók og viðbragðsteymið virkjað.

f) Sumardagurinn fyrsti – SSR verður ekki með 2017. Áætla þarf kostnað í verkefnið. Sonja kannar með hóp til að taka þetta að sér.

g) Búningareglugerðin er tilbúin til afgreiðslu. Upplýsingaráð er búið að halda fimm opna fundi um málið og eru stjórnarmeðlimir beðnir að skoða reglugerðina áður en hún verður tekin til afgreiðslu á stjórnarfundi 1. febrúar.

8) Önnur mál

a) Ársskýrslan. Er í vinnslu – Sigríður með yfirumsjón og sendir til stjórnarmeðlima til yfirferðar og skrifta.

b) Trúnaðarmál.

c) Verkefni fráfarandi skátahöfðingja. Fríður Finna ræðir við Braga um hvaða verkefni þarf að taka yfir.

d) Fyrirspurn til stjórnar um stöðu mála í skátahreyfingunni. Heiður Dögg svarar.

Fundi slitið kl. 20:45

Fundargerð ritaði SÁ.

Úr viðburðadagatali BÍS:

jan 19	Vítamínkvöld - Tækifæri í alþjóðastarfi
23	Foringjaspjall sveitarforingja
27.-29.	Vetrarmót Reykjavíkurskáta
jan/feb	Gilwell leiðtogaþjálfun 3. skref - ekki á dagatal
20.-22	Gilwell leiðtogaþjálfun 5. skref
3-5	Bland í poka (tengt félagsforingjafundi)
4	Félagsforingjafundur (tengt Bland í poka)
3-5	(Félagsútilega Vífils)
11	Ungmennaping
13	Endurfundir skáta
18	Gilwell leiðtogaþjálfun 2. skref
22.	22. febrúar
25-26	Ungir talsmenn skáta
17.-24.	Vetraráskorun Crean
16	Vítamínkvöld - Magnaðar minjar
	Styrktarpinni skáta
1	12 tíma ljósmyndaáskorun rekka- og róverskáta
1	Skráning í sumarbúðir skáta Úlfljótsvatni
5	Drekaskátadagur
10.-12.	Skátaping
10.-12.	IC Network Meeting
13	Endurfundir skáta
15	Nýliðanámskeið og samráðsfundir stjórnar og ráða BÍS
16	Vítamínkvöld - Hatursorðræða á netinu
17-19	Leiðtoganámskeið - Skátapepp
18.-19.	Réttindanámskeið Úlfljótsvatns 1: "Bogfimi" og "Eldað fyrir hópa"
18	Gilwell leiðtogaþjálfun 4. skref
	Róverskátahelgin - ekki endanleg dagsetning
25	Rödd ungra skáta
25	Félagsstjórnanámskeið
mars/apríl	Gilwell leiðtogaþjálfun 3. skref - ekki á dagatal